

Fimmtudaginn 6. júlí 1989.

Nr. 268/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Páli Konráði Konráðssyni Þormar.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. júlí 1989, sem barst Hæstarétti 5. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. júlí 1989.

Ár 1989, mánudaginn 3. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Páli Konráði Konráðssyni Þormar, Grettisgötu 43, Reykjavík, kt. 020753-5879, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudags 14. júlí nk. kl. 17.00 vegna grunar um brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Málavextir eru þeir, að laugardaginn 1. júlí sl. kl. 12.08 barst lögreglunni í Reykjavík tilkynning þess efnis, að maður nokkur lægi meðvitundarlaus í íbúð að Skriðustekk 19, Reykjavík. Fóru lögreglumenn á vettvang ásamt sjúkraliði, og voru þegar hafnar lífgunartilraunir á manningnum, Sighvati Andréssyni, kt. 270349-6689, en þær báru ekki árangur, og var maðurinn úrskurðaður látinn um kl. 13.00.

Hinn látni gat ekki greint frá því, hvað hefði komið fyrir sig, en skv. upplýsingum foreldra hans, sem búa að Skriðustekk 19, fór hinn látni út fimmtudagskvöldið 29. júní með kunningja sínum, Vilmundi Vilmundarsyni, og kom síðan ölvaður heim að morgni föstudagsins og kvartaði þá undan miklum verkjum í maga, eftir að hann hafði lent í ryskingum.

Í bráðabirgðaáliti réttarlæknis, sem krufði líkið, kemur fram, að hinn látni hafi þjást af bráðri lífhimnubólgu og undirliggjandi (sic) orsök hennar verið rifnun þvagblöðru.

Fljótlega vaknaði sá grunur, að kærði hefði veitt hinum látna þá áverka, sem síðar drógu hann til dauða, og hefur kærði við yfirheyrslur viðurkennt að hafa lent í átökum við hinn látna á heimili hins fyrrnefnda aðfaranótt föstudags 30. júní sl. Kærði hefur borið fyrir dómi, að hinn látni hafi fyrirvaralaust og án sýnilegrar ástæðu slegið kærða högg á hnakkann með þeim afleiðingum, að hann féll á gólfið í íbúð sinni, og því næst hafi hinn látni stökkið á kærða, sem hafi varið sig og slegið hinn látna eitt högg á kjálkann. Kærði hefur og borið, að hann hafi síðan staðið upp og sparkað einu sinni í afturenda hins látna, þar sem hann lá á gólfinu.

Kærði hefur hins vegar ekki viljað kannast við það að hafa gert neitt meira á hlut hins látna, þrátt fyrir það að honum hafi verið kynntur framburður vitna hjá lögreglu um hið gagnstæða. Hefur og komið fram ósamræmi í framburði kærða og vitna um fleiri atriði, þ. á m. aðdraganda að framangreindum átökum.

Brot það, sem kærði er undir rökstuddum grun um að hafa framið, getur varðað fangelsisrefsingu skv. 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, er ljóst, að rannsókn þessa máls er á frumstigi, og þykir veruleg hætta á því, að kærði hafi áhrif á vitni og náí að spilla sakargögnum, haldi hann óskertu frelsi. Þykir því rétt að taka kröfu RLR til greina með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudags 14. júlí nk. kl. 17.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Páll Konráð Konráðsson Þormar, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudags 14. júlí nk. kl. 17.00.